



# Frásögn af fundi Bjarna Benediktssonar og Mr. Butrick 12. júlí.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Sendiherra Bandaríkjanna – Mr  
Butrick - 1949

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-10, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 12. júlí 1949, kom sendi-  
herra Bandaríkjana, Mr. Butrick, á skrif-  
stofu mína. Þegar hann hafði lokið erindi  
sínu, sagðist ég lítillega vilja segja  
honum frá viðræðum mínum við Mr. Bonesteel  
fyrrum hershöfðingja, er hann hefði verið  
hér á dögnum.

Þegar hershöfðinginn hefði komið til að  
heilsa upp á mig hefði ég orðið þess var  
bæði af samtalinu við mig og af því, sem  
ég hefði heyrt frá öðrum, að hann hefði  
haft áhyggjur af styrkleik kommúnista hér  
á landi.

Ég sagðist hafa hreyft hugmynd, sem  
mér væri nær að halda, að Mr. Butrick hefði  
einhverju sinni hreyft við mig um, að Ís-  
lendingar tækju að sér rekstur Keflavíkur-  
flugvallar í samstarfi við Norður-Atlants-  
hafsbandalagið. Þeir veittu fé til reksturs-  
ins, ~~en~~ Íslendingar störfuðu aðallega á vell-  
inum, ~~ef~~ vel tækist með val slíkra manna,  
gætu þeir einnig orðið einskonar varalögregla  
hér innanlands, þ.e.a.s. til taks, ef kommún-  
istar ætluðu að hrifsa völdin ólöglega.  
Hershöfðinginn hefði hlustað á mál mitt, en  
sjálfur verið með hugleiðingar um, að komið  
yrði upp einskonar "state police", ríkis-  
lögreglu, sem væri utan Reykjavíkur og væri  
einnig í samstarfi við Norður-Atlantshafs-  
bandalagið. Ég hefði talið mikinn annmarka  
á þeirri hugmynd og talið beztu lausnina vera  
í sambandi við yfirtöku Íslendinga á Kefla-  
víkurflugvelli.

Sendiherrann lagði ekkert til þessa máls frá sjálfum sér, en að gefnu tilefni frá mér, sagði hann, að sér hefði komið til hugar, að hershöfðinginn hefði verið sendur hingað upp af hálfu bandarískra stjórnvalda til að eiga viðræður við íslenska stjórn-  
málamenn. Ekkert sagðist hann þó vita um þetta sjálfur og ekkert hefði komið fram þess eðlis í samtölum hershöfðingjans við sig.

Hann sagðist, samkvæmt reynslu sinni í diplomatiskri þjónustu, telja það sennilegustu þýðingu á komu hershöfðingjans hingað, eins og henni var háttað

Reykjavík, 13. júlí 1949.